



1602. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal, salur E
11.5 2016, kl. 11:30.

1. Fundargerð 1601. fundar

Samþykkt.

2. Aðstöðumál Skvassfélags Reykjavíkur

Lögð fram drög að yfirlýsingu ÍBR og Skvassfélags Reykjavíkur til Íslandsbanka sem felur eingöngu í sér þá ábyrgð að hálfu ÍBR að annast millifærslur húsaleigustyrkja til félagsins, í samræmi við samninga við Reykjavíkurborg þar um, inn á tiltekinn reikning í Íslandsbanka. Samþykkt að vinna málið áfram á þessum forsendum.

3. Boltavellir

Kynning Ottó Vals Leifssonar, nema í íþróttufræði við HR, á úttekt boltavalla í Reykjavík sem hann vann sem hluta af vettvangsnámi hjá ÍBR. Samþykkt að senda Reykjavíkurborg erindi þar sem lögð er áhersla á að hugað sé að fjölbreyttum valkostum til íþróttaiðkunar við endurbætur og nýbyggingu boltavalla.

4. Önnur mál

- Í framhaldi af umræðu síðasta fundar um málefni skautaiþróttar, samþykkt að boða fulltrúa skautafélaga/-deilda í Reykjavík á sameiginlegan fund.

Fundi slitið kl. 12:40.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari